



## 533. Stjórnarfundur haldinn 19. desember 2019 kl:18:00

### Mættir:

Einar Haraldsson (EH), Kári Gunnlaugsson (KG), Þórður Magni Kjartansson (ÞMK), Birgir Már Bragason (BMB) Eva Björk Sveinsdóttir (ES), Jónína Steinunn Helgadóttir (JH) og Sveinbjörg Sigurðardóttir (SS)

Fjarverandi: Bjarney S. Snævarsdóttir (BS).

### 1. Fundargerð síðasta fundar

Fundargerð yfirfarin og samþykkt.

### 2. Innkomin bréf

Tölvupóstur frá UMFÍ vegna könnunar á einstaklingum um hvort þeir séu á sakaskrá. *Allir einstaklingar sem kannaðir voru eru með hreina sakaskrá.*

Tölvupóstur frá Aðalheiði Ósk Gunnarsdóttur skjalaverði Reykjanesbæjar vegna bókunar íþrótt- og tómstundaráðs Reykjanesbæjar og staðfestingar bæjarstjórnar vegna samstarfsamninga við Keflavík íþrótt- og ungmennafélags. *Móttekið.*

### 3. Send bréf

Bréf sent á Arnar Hreinsson útibústjóra Landsbanka Íslands Keflavíkurútibúi vegna heimildar körfuknattleiksdeildar til yfirdráttar.

Boðsbréf send út vegna hófs íþróttakarls og -konu Keflavíkur 2019.

### 4. Framtíðarsýn Keflavíkur

Nokkrar umræður um málið. Ákveðið biðja með málið fram yfir áramót og jafn vel fram yfir aðalfundi deilda.

### 5. Nýr starfsmaður

EH lagði fram hugmynd af starfslýsingu nýs starfsmanns. Umræður um starfslýsinguna. Ákveðið að skipa þriggja manna nefnd til að útbúa starfslýsingu og að EH sitji ekki í nefndinni vegna hugsanlegra hagsmuna árekstra þar sem hann yrði yfirmaður nýs starfsmanns. ÞMK, BMB og ES skipa nefndina.

### 6. Íþróttakarlar og – konu Keflavíkur 2019

Hóf íþróttakarls og - konu Keflavíkur verður á mánudaginn 30. desember kl.18:00. Búið er að senda út boðskort. Búið að gera platta og bikara. Búið að panta snittur. Stjórnarmenn mæti kl. 17:15 til að gera klárt.

### 7. Önnur mál

BMB sagði frá samtali sem hann átti við formann ÍRB vegna frjálsíþróttar.

EH sagði frá því að hann væri búin að tala við Garðar Newman til að koma bókhaldi körfunnar inn í tölvukerfi okkar svo hægt sé á næsta ári að færa það á skrifstofu félagsins. Garðar er að skoða málið.

Næsti fundur verður boðaður sérstaklega.

Fundi slitið kl. 19:00.

Fundinn ritaði EH.

